

## Öldugata 2

Landnúmer: 141224  
Fastanúmer: 212-6593  
Staðgreinir: 4200-13-98750020

### Grunnleigusamningur fyrir íbúðarhúsnæði í Ísafjarðarbæ

Samkvæmt samþykkt bærarstjórnar Ísafjarðarbæjar þann **19. september 2019** leigir Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, sem leigusali, hér með:

#### Íbúðalánasjóði kt. 661198-3629

sem leigutaka, lóð nr. 2 við Öldugötu, svo sem lýst er í 1. grein samnings þessa, með eftirgreindum skilmálum.

#### 1. grein

Hið leigða er lóðin nr. 2 við Öldugötu, Flateyri, er 421 fm. að stærð og á henni er einbýlishús byggt árið 1946, skráð stærð íbúðarhúsnæðis er 130,0 fm. Lögum lóðarinnar og stærð er sýnd á viðfestu mæliblaði Tæknideildar Ísafjarðarbæjar dags. 09.09.2019 sem telst hluti af þessum samning.

Á hinni leigðu lóð eru eftirtaldar kvaðir.

- a) Við gróðursetningu trjáa og runna sem og uppsetningu girðingar á lóð skal fara eftir ákvæðum gildandi byggingarreglugerðar og skipulags.
- b) Leigutaka er skylt að heimila lagningu frárennslis, vatnsæða, raftauga, síma o.fl. þessháttar um leigulóðina án endurgjalds, sé lóð eða mannvirkjum spillt með því, komi fyrir bætur eftir samkomulagi eða mati.

Vilji bærarstjórn Ísafjarðarbæjar ekki að loknum leigutímanum leyfa lóðarhafa með nýjum lóðaleigusamning láta hús, sem þá er á lóðinni, standa þar áfram, skal bærarstjórn greiða lóðarhafa sannvirði hússins eða húsanna eftir mati dómkvaddra manna, enda sé við matið tekið fullt tillit til raunverulegs ástands bygginganna.

#### 2. grein – lóðargjöld

Ársleiga af lóðinni skal vera um 1.8% - einn og áttundi af hundraði – af fasteignamati lóðarinnar, eins og ákveðið er á hverjum tíma. Leigan er háð þeim ákvörðunum bærarstjórnar sem í gildi eru á hverjum tíma, þó aldrei hærri en 5% - fimm af hundraði – af fasteignamati lóðarinnar. Leigutaki greiðir lóðargjöld til bæjarsjóðs af hinni leigðu lóð, skv. ákvæðum gildandi laga og reglugerða. Leigutaki skal greiða bæjarsjóði ársleigu af lóðinni skv. samþykktum bærarstjórnar á hverjum tíma. Fjárnámsréttur er fyrir fasteignagjöldum, lóðarleigu, opinberum gjöldum, sköttum, vöxtum og dráttarvöxtum, skv. lögum um aðför nr. 90/1989 og eru hús og önnur mannvirki að veði fyrir lóðargjaldinu.

**3. grein – gjalddagi**

Gjalddagi lóðarleigu er sá sami og gjalddagi fasteignagjalda og er leigan tryggð með forgangsveði í leiguréttindum leigutaka og húsum og mannvirkjum á lóðinni. Sé leigan ekki greidd á gjalddaga reiknast dráttarvextir 1. hvers mánaðar þar á eftir eða samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar. Dráttarvextir skulu reiknast eins og þeir eru á hverjum tíma. Sé leigan ekki greidd á gjalddaga, má til lúkningar gera fjarnám í leiguréttindum, húsum og mannvirkjum á lóðinni án dóms eða sáttar skv. ákvæðum laga um aðför nr. 90/1989. Leigutaki greiðir alla skatta og gjöld af lóðinni til hins opinbera, sem lagðir kunna verða á leigulóðina sem gjaldstofn.

**4. grein – framsal leiguréttar – veðsetning – þinglýsing**

Leigutaka er heimilt að selja eða veðsetja leigurétt sinn samkvæmt samningi þessu ásamt húsum sínum og mannvirkjum á lóðinni

Leigutaki greiðir þinglýsingarkostnað af samning, að öðrum kosti getur bæjarstjórn látið þinglesa hann á kostnað eiganda.

**5. grein, leigutími**

Lóðin skal látin á leigu til 50 ára, talið frá dagsetningu samnings.

**6. grein**

Af samningi þessum skulu gerð þrjú samrit og heldur hvort aðili sínu eintaki og eitt til þinglýsingar.

Ísafirði, \_\_ - \_\_\_\_ 2019

Vottar að dagsetningu, fjárræði og undirskrift aðila:

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

f.h. bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar,

\_\_\_\_\_ sem leigusali:

\_\_\_\_\_ sem leigutaki